



ÁÆTLUN UM MEÐHÖNDLUN OFANVATNS Í LAUGARDAL Í REYKJAVÍK

Niðurstöður hermilíkans



Verknúmer: 18215-002	SKÝRSLA NR.: 1	DREIFING: <input checked="" type="checkbox"/> OPIN <input type="checkbox"/> LOKUÐ TIL <input type="checkbox"/> HÁÐ LEYFI VERKKAUPA
	ÚTGÁFU NR.: 1	
Númer skýrslu í kerfi Veitna: 2019-107	DAGS.: 2020-01-16	
	BLAÐSÍÐUR: 61	
	UPPLAG:	

HEITI SKÝRSLU:

Áætlun um meðhöndlun ofanvatns í Laugardal
Niðurstöður hermilíkans

HÖFUNDAR:

Vala Jónsdóttir
Sigurður Grétar Sigmarsson

VERKEFNISSTJÓRI:

Sigurður Grétar Sigmarsson

UNNIÐ FYRIR:

Veitur ohf.

UMSJÓN:

Fjóla Jóhannesdóttir/Hlöðver Stefán Þorgeirsson

SAMSTARFSADILAR:

GERÐ SKÝRSLU/VERKSTIG:

Forhönnun regnvatnslagnar og frumathugun á notkun miðlunartjarna og blágrænna lausna.

ÚTDRÁTTUR:

Árið 2018 gerði Verkís forhönnunarskýrslu og kostnaðaráætlun á nýrri 1400 mm regnvatnslögn í gegnum Laugardalinn. Í þessari skýrslu er um framhaldsverkefni að ræða þar sem skoðaður var möguleikinn á að leggja minni regnvatnslögn en útbúa miðlunartjarnir og yfirfallsmannvirki yfir í stofnblandlögn fyrir stærri úrkomuatburði. Útbúið var hermilíkan sem var notað til þess að skoða hvaða úrkomuviðburði mismunandi stærðir af regnvatnslögnin gætu flutt áður en yfirföll í stofnblandlögn yrðu virk. Niðurstöður sýna að með 600mm regnvatnslögn má minnka stofnkostnað um 30% eða úr 840 milljónum í 600 milljónir.

Einnig var gerð forhönnun á nýrri 1200 mm stofnblandlögn við Laugardalsvöll þar sem núverandi lögn fer undir völinn og líklegt er að farið verði í breytingar á Laugardalsvöllum í náinni framtíð.

LYKILORÐ ÍSLENSK:

Veitur, fráveitukerfi, regnvatnslögn, meðhöndlun ofanvatns, miðlunartjarnir, blágrænar ofanvatnslausnir.

LYKILORÐ ENSK:

Sewer system, stormwater pipe, stormwater management, detention basins, SuDS, CSO's

UNDIRSKRIFT VERKEFNISSTJÓRA:

YFIRFARIÐ AF:

© Getá skal heimilda sé efni skýrslunnar afritað eða birt með einhverjum hætti.

Samantekt

Núverandi stofnblandlög fráveitu Veitna í Laugardalnum tekur við skólpi, afrennsli rigningarvatns og drenkerfum frá um 230 hektara svæði. Lögnin liggur frá gatnamótum Engjavegar og Suðurlandsbrautar í gegnum grasagarðinn í Laugardalnum, undir Laugardalsvöllinn og niður eftir Laugalæk og Kirkjusandi þar sem hún tengist við dælustöð fráveitu Veitna. Þar er fráveituvatni dælt áfram eftir sniðræsi að hreinsistöð við Klettagarða. Við stærri rigningarviðburði verður yfirfall við dælustöð virkt og óhreinsuðu uppblönduðu skólpi er dælt út í sjó.

Megin tilgangurinn með verkefninu er að skoða leiðir til þess að losa regnvatn úr stofnblandlögnum í Laugardalnum til þess að mæta markmiðum Veitna sem eru að leitast við að:

- fækka yfirfallstímum og halda hreinum ströndum alltaf,
- minnka kostnað við dælingu í dælustöðvum,
- minnka magn vatns sem fer í gegnum hreinsistöðvar sem eykur hreinsivirkni, sérstaklega við framtíðaruppbyggingu frekari hreinsunar
- auka skilvirkni og bæta seiglu fráveitukerfis Veitna með tilliti til loftlagsbreytinga.

Verkis gerði forhönnun á regnvatnslögn í gegnum Laugardalinn árið 2018 og eru niðurstöður kynntar í skýrslunni **Regnvatnslögn í Laugardal (2018)**. Í forhönnunarskýrslunni kemur fram að heppilegra geti verið að blanda saman öðrum aðferðum við meðhöndlun á ofanvatni til þess að losa regnvatn úr blandkerfinu. Hér er um framhaldsverkefni að ræða þar sem skoðuð er virkni og hagkvæmni þess að leggja minni regnvatnslögn en jafnframt minnka afrennsli með blágrænum ofanvatnslausnum, hægja á innflæði í kerfið með miðlunartjörnum og útbúa yfirfallsmannvirki yfir í blandlög fyrir stærri úrkomuatburði. Einnig var gerð forhönnun á nýrri stofnblandlög við Laugardalsvöll þar sem núverandi lög fer undir völlinn og líklegt er að farið verði í breytingar á Laugardalsvöllum í náinni framtíð.

Notuð voru úrkomugögn frá Veðurstofu Íslands og hermilíkan (SewerGems) til að meta endurkomutíma sem regnvatnlögnin ræður við og hvenær yfirföll í stofnblandlög væru virk fyrir 3 tilvik með mismunandi stærðum regnvatnslagnar og notkun miðlunartjarna.

Niðurstöður sýna að með 600 mm regnvatnslögn (1000 mm stærð neðst í kerfinu) má minnka magn regnvatns til hreinsistöðvar (m^3) um 80-95% og minnka afrennslistopp (l/s) inn í dælustöð um 55-80% (kafla 5.1.1). Kostnaður við 600-1000 mm regnvatnlögn er um 600 milljónir samanborið við 840 milljónir ef að ekki væri yfirfall í stofnblandlögnum og regnvatnslögn væri 800-1400 mm (kafla 6). Með þessari lausn er því stofnkostnaður lækkaður um 30%.

Efnisyfirlit

Samantekt.....	ii
Efnisyfirlit.....	iii
Myndaskrá.....	v
Töfluskrá.....	vi
Teikningaskrá.....	vii
1 Inngangur.....	1
2 Úrdráttur úr fyrri forhönnunarskýrslu.....	2
2.1 Núverandi stofnblandlögn.....	2
2.1.1 Niðurstöður rennislíkans.....	2
2.2 Ný regnvatnslögn úr forhönnunarskýrslu.....	3
2.2.1 Lagnalega.....	3
2.2.2 Stærðarákvörðun.....	3
3 Afrennsli.....	5
3.1 Afrennslissvæði.....	5
3.2 Úrkomugögn.....	6
3.2.1 Hlutaúrkomuáburður – skilgreining.....	6
3.2.2 Greining á hlutaúrkomuáburðum fyrir úrkomuröð Veðurstofu Íslands.....	7
3.2.3 Niðurstöður.....	8
3.2.4 Úrvinnsla.....	9
4 Uppsetning hermilíkans.....	13
4.1 Afrennislíkan.....	13
4.1.1 Notkun blágrænna ofanvatnslausna.....	13
4.1.2 Notkun 20% öryggisstuðull vegna loftslagsáhrifa.....	14
4.2 Rennislíkan - regnvatnslögn og miðlunartjarnir.....	15
4.2.1 Tilvik 1 - 600 mm lögn.....	17
4.2.2 Tilvik 2 - 800 mm lögn frá þvottalaugum.....	18
4.2.3 Tilvik 3 - 800 mm lögn frá skóla.....	19
4.3 Ný stofnblandlögn við Laugardalsvöll.....	20
5 Niðurstöður rennislíkans.....	21
5.1 Regnvatnslögn.....	21
5.1.1 Samanburður tilvika.....	21
5.1.2 Yfirföll.....	25
5.1.3 Miðlunartjarnir.....	29
5.1.4 Blágrænar ofanvatnslausnir.....	33
5.2 Ný stofnblandlögn við Laugardalsvöll - stærðarákvörðun.....	34
5.2.1 Stærð stofnblandlagningar með notkun regnvatnslagnar.....	35
6 Frumkostnaðarmat.....	37
6.1 Regnvatnslögn.....	37
6.2 Stofnblandlögn.....	38
6.2.1 Ný stofnblandlögn við Laugardalsvöll.....	38
7 Valin lausn til frekari skoðunar.....	40
7.1 Magnminnkun í dælu- og hreinsistöðvum á ársgrundvelli.....	40
7.2 Áhrif 20% öryggisstuðuls á valda lausn.....	41
8 Framkvæmdaröð uppbyggingar.....	43
9 Skipulagsskilmálar.....	45

10	Umræða	47
10.1	Miðlun.....	47
10.2	Rennslí í stofnblandlögn	47
10.3	100% blágrænar	48
11	Heimildir	49
Teikningar		50
Viðaukar		51

Myndaskrá

Mynd 2-1	Langsnið af núverandi stofnblandlögnum frá enda Kirkjusands til upptaka í Gnoðarvogi við 10 ára regn.	3
Mynd 3-1	Afrennslissvæði stofnblandlagnar í Laugardal.	5
Mynd 3-2	Staðsetning veðurstöðvar Veðurstofu Íslands.	7
Mynd 3-3	Hlutaúrkmuatburður fyrir úrkomuröð frá Veðurstöð 1475 í Reykjavík.	9
Mynd 3-4	IDF línurit fyrir hlutaskúrir samanborið við 1-10 ára endurkomutíma úr 1M5 aðferðafræðinni.	11
Mynd 3-5	Chicagotoppar fyrir hlutaskúrir.	11
Mynd 4-1	Yfirlitsmynd yfir lagnalegu regnvatnslagnar (blá) og miðlunartjarnir sem eru notaðar í líkani. Tillaga að legu nýrrar stofnblandlagnar er einnig sýnd (bleik). Tengingar afrennslissvæða (ljós blá) inn á regnvatnslögn sýndar með punktalínu.	15
Mynd 4-2	Tilvik 1: 600 mm lögn (blá) frá Engjavegi að Laugalæk. Miðlunartjarnir við skóla, þvottalaugar og sundlaug. Tillaga að legu nýrrar stofnblandlagnar er einnig sýnd (bleik). Tengingar afrennslissvæða inn á regnvatnslögn sýndar með punktalínu.	17
Mynd 4-3	Tilvik 2: 800 mm lögn (blá) frá þvottalaugum að Kirkjusandi. Miðlunartjörn við skóla, Tillaga að legu nýrrar stofnblandlagnar er einnig sýnd (bleik). Tengingar afrennslissvæða inn á regnvatnslögn sýndar með punktalínu.	18
Mynd 4-4	Tilvik 3: 800 mm lögn (blá) frá skóla að Kirkjusandi. Miðlunartjörn við þvottalaugar, Tillaga að legu nýrrar stofnblandlagnar er einnig sýnd (bleik). Tengingar afrennslissvæða inn á regnvatnslögn sýndar með punktalínu.	19
Mynd 4-5	Úrklippa úr teikningu M24.007 til útskýringa á lagnaleiðarvali.	20
Mynd 5-1	Hlutfall af rennsli í stofnblandlögnum fyrir öll tilvik og mismunandi endurkomutíma og 10 mínútna varanda.	22
Mynd 5-2	Hlutfall magns í stofnblandlögnum fyrir öll tilvik og mismunandi endurkomutíma og 10 mínútna varanda.	23
Mynd 5-3	Hlutfall rennslis í stofnblandlögnum með notkun regnvatnslagnar miðað við núverandi rennsli í stofnblandlögnum.	24
Mynd 5-4	Staðsetningar yfirfalla á regnvatnslögn fyrir tilvikin þrjú.	25
Mynd 5-5	Rennsli um yfirföll í Tilviki 1 við 1 árs og 10 ára endurkomutíma.	27
Mynd 5-6	Rennsli um yfirföll í Tilviki 2 við 1 árs og 10 ára endurkomutíma.	27
Mynd 5-7	Rennsli um yfirföll í Tilviki 3 við 1 árs og 10 ára endurkomutíma.	28
Mynd 5-8	Rennsli og rúmmál í miðlunartjarnir í Tilvik 1b við 10 ára endurkomutíma og 10 mínútna varanda.	30
Mynd 5-9	Rennsli og rúmmál í miðlunartjörn í tilviki 2a við 10 ára endurkomutíma og 10 mínútna varanda.	31
Mynd 5-10	Rennsli og rúmmál í miðlunartjörn í tilviki 3a við 10 ára endurkomutíma og 10 mínútna varanda.	32
Mynd 5-11	Hlutfall af rennsli í stofnblandlögnum fyrir öll tilvik 1 með mismunandi endurkomutíma og 10 mínútna varanda ásamt notkun blágrænna ofanvatnslausna.	33
Mynd 5-12	Hlutfall af rennsli í stofnblandlögnum við 10 ára endurkomutíma og 10 mínútna varanda með með notkun miðlunartjarna og blágrænna ofanvatnslausna.	34
Mynd 5-13	1200 mm stofnblandlögn við Laugardalsvöll (stöð 900-1700) við 5 ára endurkomutíma og 10 mínútna varanda. Græn lína sýnir landhæð, Rauðar línur sýna hámarks vatnsyfirborð í brunnum (e: max hydraulic grade line).	35
Mynd 5-14	1200 mm stofnblandlögn við Laugardalsvöll (stöð 900-1700) við 10 ára endurkomutíma og 10 mínútna varanda. Græn lína sýnir landhæð, Rauðar línur sýna hámarks vatnsyfirborð í brunnum (e: max hydraulic grade line).	35
Mynd 5-15	1000 mm stofnblandlögn við Laugardalsvöll (stöð 900-1700) við 5 ára endurkomutíma og 10 mínútna varanda þegar nægilegt magn hefur verið tengt á	

	800 mm regnvatnslögn. Græn lína sýnir landhæð, rauðar línur sýna hámarks vatnsyfirborð í brunnum (e: max hydraulic grade line).....	36
Mynd 5-16	1000 mm stofnblandlögn við Laugardalsvöll (stöð 900-1700) við 10 ára endurkomutíma og 10 mínútna varanda þegar nægilegt magn hefur verið tengt á 800 mm regnvatnslögn. Græn lína sýnir landhæð, rauðar línur sýna hámarks vatnsyfirborð í brunnum (e: max hydraulic grade line).....	36
Mynd 6-1	Samanburður á kostnaði regnvatnslagnar eftir tilvikum.....	38
Mynd 6-2	Kennisnið af skurði fyrir nýja stofnblandlögn og regnvatnslögn við Laugardalsvöll. Grátt svæði (33%) sýnir sameiginlegan skurð lagnanna tveggja.....	39
Mynd 7-1	Tilvik 1 með 20% öryggisstuðli á 10 ára hönnunarskúr. Yfirföll í stofnblandlögn merkt með rauðu, brunnar sem flæddi upp úr merktir með gulu.	41
Mynd 10-1	Miðlunarsvæði D og F úr forhönnunarskýrslu	47

Töfluskrá

Tafla 2-1	Helstu stærðir núverandi stofnlagnar	2
Tafla 2-2	Niðurstöður úr forhönnunarskýrslu: Hámarksrennsli í núverandi stofnblandlögn úr rennislíkani	2
Tafla 2-3	Niðurstöður úr forhönnunarskýrslu: Stærð og rennsli í regnvatnslögn við 5 ára og 1árs endurkomutíma.....	4
Tafla 3-1	Afrennissvæði stofnblandlagnar þar sem tekið er tillit til framtíðar uppbyggingu.	6
Tafla 3-2	Helstu upplýsingar um veðurstöð Veðurstofu Íslands	7
Tafla 3-3	Niðurstöður greiningar á hlutaúrkomuáttum fyrir úrkomuraðir Veðurstofu Íslands í Reykjavík	8
Tafla 3-4	Samanburður á sólarhringsúrkomumagni hlutaúrkomuáttum og gilda úr 1M5 aðferðafræðinni fyrir endurkomutíma 1 – 50 ár.	10
Tafla 4-1	Afrennissstuðull og rennlistími afrennissvæða.....	13
Tafla 4-2	Afrennissstuðlar með innleiðingu blágrænna ofanvatnslausna	14
Tafla 4-3	Stærðir miðlunartjarna í líkani.....	16
Tafla 4-4	Yfirfallshæðir í miðlunartjarnir eftir tilvikum.....	16
Tafla 5-1	Mesta regn sem lögn getur tekið við áður en yfirföll í stofnblandlögn verða virk.....	21
Tafla 5-2	Þörf og staðsetning yfirfalla eftir tilvikum	25
Tafla 5-3	Yfirfallshæð og stærðir yfirfalla í líkani.....	26
Tafla 5-4	Hámarksrennsli um yfirfall (l/s) við 10 ára endurkomutíma og 10 mín varanda.....	26
Tafla 5-5	Stærð innrennislagna inn í miðlunartjarnir og hámarksrennsli við 10 ára endurkomutíma og 10 mínútna varanda.	29
Tafla 6-1	Einingaverð fyrir efni og vinnu við lagningu á Weholite plastlögn í þéttbýli ásamt áætluðum kostnaði miðlunartjarna.	37

Teikningaskrá

Nr.	Lýsing	Kvarði	Stærð
18215.M24.001	Yfirlitsmynd	1:4000	A1
18215.M24.002	Grunnmynd og langsnið ST 0 – 350	1:500	A1
18215.M24.003	Grunnmynd og langsnið ST 350 – 650	1:500	A1
18215.M24.004	Grunnmynd og langsnið ST 650 – 975	1:500	A1
18215.M24.005	Grunnmynd og langsnið ST 975 – 1200	1:500	A1
18215.M24.006	Grunnmynd og langsnið ST 1200 – 1450	1:500	A1
18215.M24.007	Grunnmynd og langsnið ST 1450 – 1800	1:500	A1
18215.M24.008	Grunnmynd og langsnið ST 1800 – 2150	1:500	A1
18215.M24.009	Grunnmynd og langsnið ST 2150 – 2510	1:500	A1



1 Inngangur

Núverandi stofnlögn fráveitu Veitna í Laugardalnum tekur við skólpi, afrennsli rigningarvatns og drenkerfum frá um 230 hektara svæði frá Lækjum, Heimum, Múlum, Laugardalnum og hluta af Skeifunni í eina stóra (800mm til 1400mm í þvermáli) steypa fráveitulögn, svokallaða stofnblandlögn. Lögnin liggur frá gatnamótum Engjavegar og Suðurlandsbrautar í gegnum grasagarðinn í Laugardalnum, undir Laugardalsvöllinn og niður eftir Laugalæk og Kirkjusandi þar sem hún tengist við dælustöð fráveitu Veitna. Þar er fráveituvatni dælt áfram eftir sniðræsi að hreinsistöð við Klettagarða. Við stærri rigningarviðburði verður yfirfall við dælustöð virkt og óhreinsuðu uppblönduðu skólpi er dælt út í sjó.

Markmið Veitna eru að leitast við að:

- fækka yfirfallstímum og halda hreinum ströndum alltaf,
- minnka kostnað við dælingu í dælustöðvum,
- minnka magn vatns sem fer í gegnum hreinsistöðvar sem eykur hreinsivirkni, sérstaklega við framtíðaruppbyggingu frekari hreinsunar
- auka skilvirkni og bæta seiglu fráveitukerfis Veitna með tilliti til loftlagsbreytinga.

Megin tilgangurinn með verkefninu er að skoða leiðir til þess að losa regnvatn úr stofnblandlögninni í Laugardalnum til þess að mæta ofangreindum markmiðum.

Verkís gerði forhönnun á regnvatnslögn í gegnum Laugardalinn og eru niðurstöður kynntar í skýrslunni Regnvatnslögn í Laugardal (2018). Í forhönnunarskýrslunni kemur fram að heppilegra geti verið að blanda saman mismunandi aðferðum við meðhöndlun á ofanvatni til þess að losa regnvatn úr blandkerfinu, fækka yfirfallstímum og minnka dælingu og hreinsun á hreinu vatni. Hér er um framhaldsverkefni að ræða þar sem skoða á virkni og hagkvæmni þess að leggja minni regnvatnslögn en jafnframt minnka afrennsli með blágrænum ofanvatnslausnum, hægja á innflæði í kerfið með miðlunartjörnum og útbúa yfirfallsmannvirki yfir í blandlögn fyrir stærri úrkomuatburði.

Verkefnið felur í sér eftirfarandi vinnu:

1. Herma og hanna blandaðar ofanvatnslausnir þar sem regnvatnslögn verður aldrei stærri en 600-800mm og umfram úrkoma fari í stofnblandlögn.
2. Meta endurkomutíma sem blandaða lausnin ræður við og hversu oft stofnblandlögnin verður notuð sem yfirfall fyrir afrennsli.
3. Meta hvaða áhrif 20% öryggisstuðull vegna mögulegra loftslagsáhrifa á núverandi 5 og 10 ára hönnunarskúr hefur á valda lausn.
4. Meta magnminnkun vatns í dælu- og hreinsistöðvum á ársgrundvelli fyrir valda lausn.
5. Kostnaðarmeta verkliði.
6. Gera tillögu að framkvæmdaröð verkliða.
7. Gera tillögu að breyttum skipulagsskilmálum á aðliggjandi svæðum til að hægt sé að ná settum markmiðum.

Einnig var óskað eftir tillögu að nýrri stofnblandlögn við Laugardalsvöll þar sem núverandi lögn fer undir völlinn og líklegt er að farið verði í breytingar á Laugardalsvellinum í náinni framtíð.



2 Úrdráttur úr fyrri forhönnunarskýrslu

2.1 Núverandi stofnblandlögn

Stofnblandlögnin er frárennislögn fyrir skólp og ofanvatn sem var lögð á árunum 1950 og 1955. Lögnin er steinsteypt og er 800 mm í þvermál við upptök sín í Gnoðarvogi við TBR húsið, sjá teikningu M24.001. Lögnin liggur þaðan undir Fjölskyldu og Húsdýragarðinn þar sem hún stækkar í 1000 mm. Lega lagnarinnar er þá lægst í dalnum eftir honum miðjum að gömlu þvottalaugunum. Þvermál lagnarinnar stækkar þá í 1400 mm og fer hún undir Laugardalsvöllinn, vestanmegin við Laugardalslaugina og þaðan niður eftir Laugalæk að dælustöð við Laugalæk. Síðasti leggurinn að dælustöðinni er 1750 mm lögn þar sem önnur blönduð lögn vestan frá tengist inn í dælustöðina. Samkvæmt upplýsingum frá Veitum geta skólpdælur dælt í kringum 2000 l/s í átt að hreinsistöð en þegar rennsli fer yfir það flæðir yfir í yfirfallshólf. Yfirfallsdælur dæla úr yfirfallshólfinu blöndu skólps og ofanvatns svo til sjávar, afköst í kringum 4500 l/s. Dýpi ofan á lögn er um 3 m frá upptökum og í gegnum Fjölskyldu og Húsdýragarðinn. Þaðan, um miðjan dalinn og að Kirkjusandi er dýpt um 2 m. Lögnin er dýpri frá miðjum Kirkjusandi og að dælustöð þar sem dýpi ofan á lögn nær 6 m. Tafla 2-1 sýnir upplýsingar um meðalhalla lagnar og ofangreindar stærðir.

Tafla 2-1 Helstu stærðir núverandi stofnlagnar

Lýsing	Stærð (mm)	Meðalhalla (‰)	Meðaldýpi ofan á lögn (m)
Frá upptökum í Gnoðarvogi – í gegnum Fjölskyldu- og húsdýragarðinn	800	15,8	3
Mitt í dal - Gömlu þvottalaugarnar	1000	7,5	>2
Gömlu þvottalaugarnar – Laugalækur	1400	3,1*	2
Laugalækur – Kirkjusandur	1400	9,0	<2
Kirkjusandur	1400	6,0	4 (6 max)

*Að undanskildu lagnabili sem er 45‰ við þvottalaugarnar gömlu

2.1.1 Niðurstöður rennislíkans

Rennislíkan af núverandi stofnblandlögn var útbúið í Hydraflow – Storm Sewer innan AutoCAD Civil3D. Forritið velur úrkomustyrk eftir kúrfum úrkomustyrks, varanda og endurkomutíma (intensity-duration-frequency, IDF) frá 1M5 aðferðafræðinni til þess að reikna út uppsafnað rennsli í hverjum legg fyrir sig og gefur hámarksafköst lagnarinnar og reiknað rennsli og hæð orkulínunnar í lögninni. Nánari lýsing á aðferð og niðurstöður úr líkanútreikningum eru að finna forhönnunarskýrslu.


Tafla 2-2 sýnir mesta rennsli í lögninni miðað við núverandi afrennlistuðla fyrir 1-árs, 5-ára og 10-ára skúr.

Tafla 2-2 Niðurstöður úr forhönnunarskýrslu: Hámarksrennsli í núverandi stofnblandlögn úr rennislíkani

	Núverandi ógegndræpt hlutfall	
Q 1 ár (l/s)	2.540	
Q 5 ár (l/s)	3.590	
Q 10 ár (l/s)	4.170	



Mynd 2-1 sýnir langsnið af núverandi stofnblandlögnum fyrir hönnunarviðburð með 10 ára endurkomutíma með óbreyttu ógegndræpu hlutfalli. Lögnin er sýnd frá enda Kirkjusands til upptaka í Gnoðarvogi í bláu. Græna línan sýnir landhæð, rauða línan er vatnsyfirborð „hydraulic grade line“ (HGL) og punkta línan er heildarorkulínan „energy grade line“ (EGL).



Mynd 2-1 Langsnið af núverandi stofnblandlögnum frá enda Kirkjusands til upptaka í Gnoðarvogi við 10 ára regn.

Við gömlu þvottalaugarnar er mjög flatur leggur sem hefur lítil afköst og áhrifa þess fer að gæta upp eftir lögninni en niðurstöður rennslislíkansins sýna að lögnin virðist vera rétt stærðarákvörðuð miðað við núverandi afrennsli. Þó veldur flatur leggur í lögninni við gömlu þvottalaugarnar því að hætta er á að við stærri viðburði megi sjá uppstúfun upp úr kerfinu upp á yfirborð.

2.2 Ný regnvatnslögn úr forhönnunarskýrslu

2.2.1 Lagnalega

Forhönnun nýrrar regnvatnslagnar í fyrri skýrslu (Vala Jónsdóttir o.fl, 2018) miðaðist að því að lögnin myndi nýtast fyrir sömu afrennissvæði og afrennissuðla og fyrir núverandi stofnblandlögnum. Því var ný lagnaleið valin nálægt núverandi stofnblandlögnum til að framtíðar regnvatnskerfi frá þessum sömu afrennissvæðum geti tengst inn á nýja lögn. Þó eru nokkrar breytingar á lagnaleiðinni eins og lýst er hér fyrir neðan.

Ekki þótti ákjósanlegt að ný lögn skyldi fara meðfram núverandi blandlögnum í gegnum Fjölskyldu og húsdýragarðinn og undir Laugardalsvöllinn. Valið var að fara niður Engjaveg og halda áfram með lögn við göngustíg, austan megin við Fjölskyldu og húsdýragarðinn. Við þvottalaugarnar er lagnaleið sunnar en núverandi lagnaleið til að geta haldið lögn ofar í landi og forðast grasagarðinn því ákjósanlegasta lagnaleiðin var talin vestan megin við Laugardalsvöll.

2.2.2 Stærðarákvörðun

Stærðarákvörðun á lögn var miðuð við 5 ára endurkomutíma í sjálfrennsli (lagnir ekki undir þrýstingi) og 10 ára endurkomutíma undir þrýstingi án þess að vatnsyfirborð nái yfirborði lands. Niðurstöður úr líkanaútreikningum sýndu að stærð regnvatnslagnar þyrfti að vera svipuð núverandi stofnblandlagnar fyrir utan 1200 mm lögn við Laugardalsvöll í stað 1400 mm (Tafla 2-3).

Einnig var skoðað hvaða stærð á lögn fengist ef hönnuð væri regnvatnslögn fyrir 1 árs endurkomutíma og stofnblandlögnum væri notuð sem yfirfallslögn við stærri regnviðburði (Tafla 2-3).



Tafla 2-3 Niðurstöður úr forhönnunarskýrslu: Stærð og rennsli í regnvatnslögn við 5 ára og 1árs endurkomutíma.

Svæði	Stöðvabil	1 árs endurkomutími (l/s) Yfirfall í stofnblandlögn		5 ára endurkomutími (l/s)	
		Rennsli (l/s)	Lagnastærð (mm)	Rennsli (l/s)	Lagnastærð (mm)
Kirkjusandur	0-300	2500	1200	3900	1400
Laugalækur	300-600	2100	1200	3300	1400
Laugadalsvöllur/laug	600-1400	1700	1000	2800	1200
Þvottalaugar	1400-2000	1300	800	2000	1000
Grasagarður	2000-2200	1200	800	1700	1000
Engjavegur	2200-2500	350	400	500	800

Niðurstöður sýndu að með því að hanna lögn fyrir 1 árs endurkomutíma í stað 5 ára endurkomutíma væri hægt að hafa 1200 mm lögn í Kirkjusandi í stað 1400 mm. Svo ljóst var að ekki er mikill munur þar á og hanna þyrfti fyrir enn minni endurkomutíma til að minnka lagnastærð enn frekar.



3 Afrennsli

3.1 Afrennslissvæði

Heildarafrennslissvæði fyrir núverandi stofnblandlögn sem liggur í gegnum Laugardalinn og niður Laugalæk var áætlað um 230,2 ha. Hæðarlínur voru fengnar frá úttektarsíðu Borgarvefsjár en upplýsingar um fráveitukerfi Veitna var fengið frá Veitum. Heildarafrennslissvæðinu var deilt niður í 11 afrennslissvæði sjá Mynd 3-1.



Mynd 3-1 Afrennslissvæði stofnblandlagnar í Laugardal.



Hlutfall gegndræps flatarmáls var fengið með notkun samgöngufláka og húsafláka sem eru aðgengilegir á úttektafvef Borgarvefsjár. Tafla 3-1 sýnir hlutfall ógegndræps flatarmáls. Afrennslissvæði 3 er á reit M2g í Aðalskipulagi Reykjavíkur og flokkast undir þróunarsvæði. Þá er gert ráð fyrir uppbyggingu á reitnum og má því gera ráð fyrir aukningu í ógegndræpu flatarmáli á afrennslissvæði 3. Því hefur verið reiknað með auknu ógegndræpu flatarmáli.

Tafla 3-1 Afrennslissvæði stofnblandlagar þar sem tekið er tillit til framtíðar uppbyggingu.

Svæði	Heildar flatarmál (ha)	Ógegndræpt flatarmál (%)	Ógegndræpt flatarmál (ha)	Hlutfall ógegndræps yfirborðs svæðis af heildar-ógegndræpu flatarmáli (%)
1	36,3	75	27,2	28,2%
2	16,1	49	7,9	8,2%
3	6,7	50	3,4	3,5%
4	17,0	40	6,8	7,0%
5	9,1	28	2,5	2,6%
6	26,8	43	11,5	11,9%
7	12,6	37	4,7	4,8%
8	47,0	18	8,5	8,8%
9	8,1	44	3,6	3,7%
10	24,0	30	7,2	7,5%
11	26,6	50	13,3	13,8%
Samtals	230,2	42	96,5	100%

3.2 Úrkomugögn

Til þess að geta skoðað hvaða afköst minni lögn en var lagt til í fyrri forhönnunarskýrslu hefur var unnið út frá aðferðafræði um svokallaðar hlutaúrkomuáburði eða „percentile rainfall event“ á ensku. Þessi aðferðafræði hefur verið notuð í Bandaríkjunum við að skilgreina regndýpt sem notuð er við hönnun á blágrænum ofanvatnslausnum eða við ofanvatnshreinsun. Þessir hlutaúrkomuáburðir eru minni en úrkomudýptir fyrir 1-árs endurkomutíma og því hægt að meta það magn sem minni regnvatnslögn getur afkastað og ákvarðaða tíðni yfirfallstilvika.

3.2.1 Hlutaúrkomuáburður – skilgreining

Hlutaúrkomuáburður (e. „percentile rainfall event“) er hugtak sem skilgreinir það magn úrkomu sem ákveðið hlutfall allra úrkomuáburða fer ekki yfir. Með öðrum orðum þá er t.d. 95% hlutaúrkomuáburður skilgreindur sem mæld úrkomudýpt yfir einn sólarhring fyrir ákveðið tímabil úrkomumælinga sem er raðað frá hæsta til lægsta gildi og er í 95% sætinu af öllum daglegum úrkomugildum fyrir þetta gefna tímabil. Sólarhringsúrkoma er yfirleitt skilgreind frá miðnætti til miðnættis fyrir hvert daglegt gildi. Viðmiðið er að notast við að minnsta kosti 20-30 ára tímabil úrkomumælinga fyrir þessa aðferðafræði.

Minni úrkomuáburðir sem jafngilda sólarhringsúrkomu undir 2,5mm eru ekki teknir með í þessa greiningu þar sem gert er ráð fyrir að úrkoma af þessari stærðargráðu leiðir yfirleitt ekki af sér afrennslu af yfirborði vegna uppgufunar, fyllingar á litlum holrýmum og upptöku gróðurs á bæði gegndræpum og ógegndræpum yfirborðsflötum.

Frekari útskýringar á þessari aðferðafræði er að finna í leiðbeiningum umhverfisstofnunar Bandaríkjanna (2009) en þessi aðferðafræði hefur verið notuð við að skilgreina hönnunarforsendur fyrir ofanvatnshönnun verkefnum á vegum alríkisstofnana þar í landi.

3.2.2 Greining á hlutaúrkomuátturðum fyrir úrkomuröð Veðurstofu Íslands

Leitast var við að finna hlutaúrkomuátturði fyrir Reykjavík út frá mældum gögnum Veðurstofu Íslands. Skoðuð var úrkomuröð frá Veðurstofu Íslands sem Veitur ohf. fengu afhenta síðla árs 2018, stöðvarnúmer 1475 með gildi yfir 17,5 ára tímabil frá 1.1.2000 til 30.6.2018. Veðurstöðin er staðsett á veðurstofuhæð við Bústaðarveg (sjá helstu upplýsingar um veðurstöðvarnar frá www.vedur.is fyrir neðan). Báðar raðir eru gefnar upp í klukkustundargildum með eininguna mm/klst.

Tafla 3-2 Helstu upplýsingar um veðurstöð Veðurstofu Íslands

Rvk_2000_2018_urkoma.csv

Nafn	Reykjavík
Tegund	Sjálfvirk veðurathugunarstöð
Stöðvanúmer	1475
WMO-númer	4130
Skammstöfun	reitir
Spásvæði	Faxaflói(fa)
Staðsetning	64°07.653', 21°54.120' (64,1275, 21,902)
Hæð yfir sjó	52.0 m.y.s.
Upphaf veðurathuguna	1993
Eigandi stöðvar	Veðurstofa Íslands



Mynd 3-2 Staðsetning veðurstöðvar Veðurstofu Íslands.

Eftirfarandi aðferðafræði var beitt við úrvinnslu á gögnunum:

1. Klukkustundarregngildum var breytt í sólarhringsgildi.
2. Öllum gildum sem voru undir 2,5mm var hent úr seríunni
3. Úrkomuröðin var raðað frá stærstu að minnstu.
4. Hverju gildi var gefið %, þ.e. stærsta gildi 0% upp í neðsta gildi 100%
5. Sú dýpt sem mælist við 95% er svokallaður 95% hlutaúrkomuátturður



3.2.3 Niðurstöður


Tafla 3-3 sýnir niðurstöður greiningarinnar.

Tafla 3-3 Niðurstöður greiningar á hlutaúrkomuáttburðum fyrir úrkomuraðir Veðurstofu Íslands í Reykjavík

	Veðurstöð 1475	
Tímabil	1.1.2000 - 30.6.2018	
Fjöldi daggilda	6754	
Fjöldi daggilda með mældu regni	3877	57%
Fjöldi daggilda með mældu regni >2,5mm	1914	28%
Heildardýpt (mm)	15754	
Heildardýpt með mældu regni >2,5mm (mm)	13852	88%
80% hlutaúrkomuáttburður (mm)	10,10	
Heildarrúmmál skúra < 80% skúr (mm)	11776	85,0%
85% hlutaúrkomuáttburður (mm)	11,80	
Heildarrúmmál úrkomu < 85% hlutaúrkomuáttburður (mm)	12342	89,1%
90% hlutaúrkomuáttburður (mm)	13,8	
Heildarrúmmál úrkomu < 90% hlutaúrkomuáttburður (mm)	12813	92,5%
95 percentile skúr (mm)	17,44	
Heildarrúmmál úrkomu < 95% hlutaúrkomuáttburður (mm)	13335	96,3%
99 percentile skúr (mm)	25,87	
Heildarrúmmál úrkomu < 99% hlutaúrkomuáttburður (mm)	13735	99,2%

Niðurstöðurnar sýna að um 57% af fjölda daga innan tímabilanna eru með mælanlega úrkomu en einungis um 28% daganna með úrkomugildi hærra en 2,5mm sem notaðar voru í greininguna. Það voru því 1914 dagleg gildi sem raðað var upp frá stærsta til minnsta til þess að útbúa línurit fyrir hlutaúrkomuáttburði fyrir þessar úrkomuraðir en samtals þá innihalda þessi gildi um 88% af allri úrkomu á tímabilinu.

Hlutaúrkomuáttburður "percentile storm" Veðurstöð 1475 Reykjavík



Mynd 3-3 Hlutaúrkomuáttburður fyrir úrkomuátt frá Veðurstöð 1475 í Reykjavík.

Línuritíð á Mynd 3-3 sýnir hvernig hvernig gildi fyrir hvern hlutaúrkomuáttburður er fengið. Einnig má ímynda sér hvernig allt rúmmál úrkomu sem er undir láréttu línunum fyrir hvern hlutaúrkomuáttburður er uppsafnað heildarrúmmál úrkomu sem er minni heldur en gildi þess hlutaúrkomuáttburðar. Þannig má gefa sér að ef ofanvatnskerfi er hannað til þess að safna og meðhöndla ákveðinn hlutaúrkomuáttburður (t.d. 90% hlutaúrkomuáttburður = 13,8mm) þá er allt að 92,5% af rúmmáli afrennslis þess ofanvatnskerfis safnað og meðhöndlað á ársgrundvelli.

3.2.4 Úrvinnsla

Hægt er að setja niðurstöður þessarar greiningar á hlutaúrkomuáttburðum fyrir Reykjavík í samhengi við núverandi aðferðafræði við hönnun á regnvatnskerfum útlistuð í flóðahandbók Vatnaverkefisstofu Háskóla Íslands (útbúin af prófessor emeritus Jónasi Elíassyni), svokallaðri 1M5 aðferðafræði. Í reiknilíkani meðfylgjandi flóðahandbókinni (MT_Reikn.xlsx) hefur Jónas sett fram tíðnibreytu fyrir hönnunarflóð sem hægt er að nota til þess að áætla hönnunarmagn fyrir hvaða endurkomutíma sem er. Með því að nálgast endurkomutímann að sólarhringsdýpt hlutaúrkomuáttburðanna er hægt að skoða hvaða endurkomutíma hlutaúrkomuáttburðirnir gætu mögulega haft. Hafa ber í huga að aðferðafræðin við úrvinnslu hágildadreifinga á ársgrundvelli er ekki gild fyrir endurkomutíma minna en 1 ár eins og Jónas útskýrir í kafla 7.2 í flóðahandbókinni og skal því taka þessum niðurstöðum með varúð.

Tafla 3-4 sýnir sólarhringsgildi hlutaúrkomuáttburða samanborið við sólarhringsúrkomu úr 1M5 aðferðafræðinni miðað við M5 gildi = 40 sem er það gildi sem finna má á veðurstofuhæð Veðurstofu Íslands og þann endurkomutíma (<1árs skúr) sem sólarhringsúrkomu fyrir hvern hlutaúrkomuáttburður samsvarar.




Tafla 3-4 Samanburður á sólarhringsúrkomumagnni hlutaúrkomuáttburða og gilda úr 1M5 aðferðafræðinni fyrir endurkomutíma 1 – 50 ár.

Úrkomuáttburður	Endurkomutími (ár)	mm/dag
80% hlutaúrkomuáttburður	0,13 (1,6 mánuðir)	10,1
85% hlutaúrkomuáttburður	0,16 (1,9 mánuðir)	11,8
90% hlutaúrkomuáttburður	0,20 (2,4 mánuðir)	13,8
95% hlutaúrkomuáttburður	0,31 (3,7 mánuðir)	17,4
99% hlutaúrkomuáttburður	0,83 (10 mánuðir)	25,9
1 árs 1M5	1	27,4
5 ára 1M5	5	40,9
10 ára 1M5	10	46,7
50 ára 1M5	50	60,3


Niðurstöðurnar úr Töflu 3-4 sýna að hlutaúrkomugreiningin samsvarar vel þeirri stærðargráðu á sólarhringsúrkomu sem finna má úr 1M5 aðferðafræðinni (þ.e. magn hlutaúrkomuáttburða er minna en sem nemur 1 árs endurkomutíma en nálgast þá tölu eftir því sem hlutaúrkomuáttburðurinn nálgast 100%).

Þá er hægt að notast við reikniforritið í MT_Reikn og hægt að útbúa IDF kúrfur fyrir hlutaúrkomuáttburðina fyrir varanda frá 10 mín upp í 6 klst eins og gert hefur verið í fráveituhönnunarleiðbeiningum Orkuveitu Reykjavíkur og þannig hægt að útbúa svokallaða hlutaskúr. Mynd 3-4 sýnir sambærilegar IDF kúrfur fyrir 80% - 95% hlutaskúr samanborið við þær kúrfur sem sýndar eru í leiðbeiningum OR fyrir M5 gildi = 40.



Mynd 3-4 IDF línurit fyrir hlutaskúrir samanborið við 1-10 ára endurkomutíma úr 1M5 aðferðafræðinni.

Að lokum voru svo útbúnir Chicagotoppar fyrir hlutaskúrirnar með aðferðafræði 1M5 við gerð Chicagotoppa úr reiknilíkaninu MT_Reikn. Mynd 3 sýnir Chicagotoppa fyrir þrjá mismunandi varanda, 10min, 20min og 60min. Þessir úrkomutoppar voru svo notaðir við myndun á afrennsli í hermilíkani fyrir hönnun og greiningu á afkastagetu nýrrar regnvatnslagnar og yfirfallstíðni í stofnblandlög.



Mynd 3-5 Chicagotoppar fyrir hlutaskúrir.





4 Uppsetning hermilíkans

Rennislíkan var útbúið í SewerGEMS sem er dýnamískt vatnafræði- og straumfræðiforrit fyrir fráveitulagnakerfi frá Bentley. Í SewerGEMS er hægt að nota svokallaða dýnamíska útreikninga sem geta tekið inn regnseríu (Chicagotoppa) og tekið tillit til geymslu í miðlunum.

Upplýsingar um lagnalegu, stærðir og hæðarkóta voru nýttar úr uppsetningu í AutoCad Civil 3D og flutt yfir í líkan í SewerGEMS. Einnig voru upplýsingar um stærðir og lögun afrennslissvæða nýttar.

4.1 Afrennislíkan

Til að reikna rennsli voru eftirfarandi stillingar valdar í SewerGEMS:

- Dýnamísk reiknivél (e: engine type): Implicit (SewerGEMS Dynamic Wave)
- Afrennislisaðferð (e: runoff method): Time-Area
- Time-Area diagram type: Synthetic Curve (HEC-1)
- Tap aðferð (e: loss method): Afrennslisstuðull (e: runoff coefficient)

Afrennslisstuðlar C voru samkvæmt leiðbeiningum Veitna (LAV-503-10.0):

- Ógegndræp svæði (malbik, þök, steiptir fletir) 0,9
- Gegndræpt svæði (gróin svæði) 0,2

Tafla 3-1 var notuð til þess að finna veginn afrennslisstuðull C fyrir hvert afrennslissvæði (Tafla 4-1). Rennlistími var fundinn fyrir hvert afrennslissvæði fyrir sig og var lágmarks rennlistími 10 mínútur notaður fyrir svæði þar sem rennlistími er innan við 10 mínútur (Tafla 4-1).

Tafla 4-1 Afrennslisstuðull og rennlistími afrennslissvæða

Afrennslis- svæði	Veginn afrennslisstuðull C	Rennlistími afrennslissvæðis (Tc)
1	0,72	14 mín
2	0,54	10 mín
3	0,55	10 mín
4	0,48	10 mín
5	0,40	10 mín
6	0,50	11 mín
7	0,46	10 mín
8	0,33	23 mín
9	0,51	12 mín
10	0,41	10 mín
11	0,55	10 mín

Upplýsingar um Chicagotoppa fyrir mismunandi endurkomutíma úr kafla 3 að ofan og varanda voru settar inn í sem Time-Intensity kúrvur undir Storm Data.

Ekki var tekið tillit til þurrvirðisrennslis í stofnblandlagn þar sem það væri svo lítið hlutfall rennslisins en sjá má umfjöllun í forhönnunarskýrslu – Regnvatnslagn í Laugardal.

4.1.1 Notkun blágrænna ofanvatnslausna

Einnig var skoðað hvaða rennsli mætti vænta ef blágrænar ofanvatnslausnir (BGO) væru innleiddar á afrennslissvæðunum. Til einföldunar var afrennslisstuðull ógegndræps svæðis lækkaður til að skoða þau áhrif og skoðuð voru tvö tilvik:



- Blágrænar 1: Ógegndræp svæði (malbik, þök, steptir fletir) 0,7 (40 l/s/ha)
- Blágrænar 2: Ógegndræp svæði (malbik, þök, steptir fletir) 0,5 (29 l/s/ha)

Tafla 3-1 var notuð til þess að finna veginn afrennslisstuðull C fyrir hvert afrennissvæði fyrir þessi tilvik (Tafla 4-2).

Tafla 4-2 Afrennslisstuðlar með innleiðingu blágrænna ofanvatnslausna

Afrennslis- svæði	Veginn afrennslisstuðull C Blágrænar 1	Veginn afrennslisstuðull C Blágrænar 2
1	0,57	0,42
2	0,44	0,35
3	0,24	0,23
4	0,40	0,32
5	0,34	0,28
6	0,41	0,33
7	0,38	0,31
8	0,29	0,25
9	0,42	0,33
10	0,35	0,29
11	0,45	0,35

4.1.2 Notkun 20% öryggisstuðull vegna loftslagsáhrifa


Að beiðni Veitna var skoðað hvaða áhrif notkun 20% öryggisstuðuls vegna loftslagsáhrifa myndi hafa á rennsli fyrir valda lausn við 5 og 10 ára hönnunarskúr. Þekkt er að á norðurlöndunum séu nýjar regnvatnlagnir stærðarákvarðaðar með öryggisstuðli vegna loftslagsáhrifa og er sem dæmi reiknað með að minnsta kosti 25% auknu afrennsli í Svíþjóð eða svokölluðum klímatfaktor sem er 1,25 (Svenskt Vatten, 2016).

Aðferðafræðinni sem beitt var var eftirfarandi:

1. Bætt var við 20% ofan á dýpt 5- og 10-ára hönnunarskúra.
2. Reiknað út hvaða endurkomutíma það jafngilti miðað við gildandi tölfræðigreiningu á endurkomutímum.
3. Þá var útbúin nýr Chicagotoppur með sömu aðferð og líst var í kafla 3.2.
4. Chicagotoppur voru síðan settir í hermílikanið sem var keyrt fyrir valda lausn.

4.2 Rennislíkan - regnvatnslögn og miðlunartjarnir

Notast var við lagnalegu úr fyrri forhönnunarskýrslu sem var valinn til þess að nýta sömu tengingar við afrennissvæðin og tengjast núverandi stofnblandlögn (sjá Mynd 4-1). Veitur og Reykjavíkurborg funduðu um mögulegar staðsetningar miðlunartjarna í byrjun árs 2019 en fyrri forhönnunarskýrsla hafði gert tillögu að nokkrum möguleikum. Þrjú svæði fyrir mögulegar miðlunartjarnir voru valin til frekari athugunar við hermilíkangerð; miðlunartjörn neðan við Langholtsskóla, miðlunartjörn við Þvottalaugar og neðanjarðar miðlunargeymslurými í bílastæðum við Laugardalslaug (sjá Mynd 4-1).



Mynd 4-1 Yfirlitsmynd yfir lagnalegu regnvatnslagnar (blá) og miðlunartjarnir sem eru notaðar í líkani. Tillaga að legu nýrrar stofnblandlagnar er einnig sýnd (bleik). Tengingar afrennissvæða (ljós blá) inn á regnvatnslögn sýndar með punktalínu.



Í forhönnunarskýrslu var gert ráð fyrir að afrennsli af afrennissvæðum 6 og 9 væri hægt að miðla í miðlunartjörn við sundlaug en við nánari athugun á hæðarkótum var ekki talið líklegt að hægt væri að miðla frá afrennissvæði 6 í tjörn við sundlaug.

Útbúið var hönnunarlíkan fyrir miðlun á rigningarskúrum sem var svo notað til þess að ákvarða stærð geymslurýmis miðlunartjarnanna með svokölluðum krítískum varanda hönnunarskúrar (e. critical storm duration). Þá er mismunandi varandi fyrir alla endurkomutíma skoðaður og sá varandi sem hefur mesta þörf fyrir geymslurými valinn. Miðað var við að miðla rennlistoppi fyrir 10 ára endurkomutíma. Framhjálaup í lögn og útrennsli úr miðlunartjörn var svo ákveðið miðað við 600 mm regnvatnslögn og var svo rúmmál og flatarmál miðlunartjarna ákvarðað.

Sömu aðferð var beitt til að finna stærð miðlunartjarnar við skóla. Stærðir miðlunartjarna við þvottalaugar og sundlaug hafa breyst frá forhönnunarskýrslu vegna þess að nánari greining var gerð á svæðunum til að skoða hámarks landssvæði sem hægt væri að nota undir miðlun sem var kynnt á fundi Veitna og Reykjavíkurborgar á áður tilgreindum fundi.

Eftirfarandi stærðir á miðlunartjörnum (Tafla 4-3) voru notaðar sem útgangspunktur fyrir líkanagerð. Stærð útrásarmannvirkis var miðuð við 200 mm útrennslisop.

Tafla 4-3 Stærðir miðlunartjarna í líkani

Svæði	Stærð tjarnar (m ²)	Dýpt (m)	Rúmmál (m ³)
Við skóla	5065	0,7	3096
Við þvottalaugar	2700	0,8	1400
Við sundlaug	2100	1	1850

Prófað var að keyra hermilíkanið með mismunandi stærðum lagna og sást þá hvar væri mesta þörf fyrir miðlunartjörn. Út frá þessum prófunum voru 3 tilvik skilgreind til frekari skoðunar á virkni. Uppstillingu á þessum þremur tilvikum er líst hér fyrir neðan. Þá var einnig skoðað hvaða áhrif notkun BGO hefðu á þessi tilvik.

Yfirföll í miðlunartjarnir voru skilgreind þannig að þau virkjast þegar regnvatnslögn er orðin full og komin undir þrýsting (Tafla 4-4 sýnir yfirfallshæðir). Þar sem yfirföll í stofnblandlögn og yfirföll í miðlunartjarnir eru á sama stað er hæð yfirfalls í stofnblandlögn undir efri brún miðlunartjarnar. Allar hæðir og staðsetningar yfirfalla í stofnblandlögn voru fundnar með í hermilíkani og eru niðurstöður í kafla 5.1.2.


Tafla 4-4 Yfirfallshæðir í miðlunartjarnir eftir tilvikum.

Staðsetning	Tilvik 1: 600 mm lögn	Tilvik 2: 800 lögn frá þvottal.	Tilvik 3: 800 lögn frá skóla
Miðlunartjörn við skóla	15,4 m	15,4 m	-
Miðlunartjörn við þvottalaugar	10,20 m	-	10,40 m
Miðlunartjörn við sundlaug	7,18 m	-	-

4.2.1 Tilvik 1 - 600 mm lögn

Í tilviki 1 var gert ráð fyrir 600 mm lögn frá upptökum að Laugalæk þar sem lögn verður 800 mm. Í Kirkjusandi stækkar lögn í 1000 mm (Mynd 4-2). Þar hefur ekki fundist svæði fyrir miðlunargeymslurými og tengjast afrennissvæðin þar inn á lögn án miðlunar sem leiðir til þess að lögnin þarf að stækka í 1000mm. Prófað var að keyra líkanið fyrir mismunandi endurkomutíma og varanda með þessari stærð af lögn og með eftirfarandi undirtilvikum:

- **Tilvik 1:** Engar miðlunartjarnir notaðar með regnvatnslögn
- **Tilvik 1a:** Miðlunartjörn við þvottalaugar notuð með regnvatnslögn
- **Tilvik 1b:** Miðlunartjörn við þvottalaugar og skóla notuð með regnvatnslögn
- **Tilvik 1c:** Miðlunartjörn við þvottalaugar, skóla og sundlaug notuð með regnvatnslögn




Mynd 4-2 Tilvik 1: 600 mm lögn (blá) frá Engjavegi að Laugalæk. Miðlunartjarnir við skóla, þvottalaugar og sundlaug. Tillaga að legu nýrrar stofnblandlagnar er einnig sýnd (bleik). Tengingar afrennissvæða inn á regnvatnslögn sýndar með punktalínu.

4.2.2 Tilvik 2 - 800 mm lögn frá þvottalaugum

Í tilviki 2 var gert ráð fyrir 600 mm lögn frá upptökum að þvottalaugum þar sem lögn verður 800 mm. Í Laugalæk stækkar lögn í 1000 mm (Mynd 4-3). Prófað var að keyra líkanið fyrir mismunandi endurkomutíma og varanda með þessari stærð af lögn og með eftirfarandi undirtilviki:

- **Tilvik 2:** Engar miðlunartjarnir notaðar með regnvatnslögn
- **Tilvik 2a:** Miðlunartjörn við skóla notuð með regnvatnslögn




Mynd 4-3 Tilvik 2: 800 mm lögn (blá) frá þvottalaugum að Kirkjusandi. Miðlunartjörn við skóla, Tillaga að legu nýrrar stofnblandlagnar er einnig sýnd (bleik). Tengingar afrennissvæða inn á regnvatnslögn sýndar með punktalínu.

4.2.3 Tilvik 3 - 800 mm lögn frá skóla

Í tilviki 3 var gert ráð fyrir 600 mm lögn frá upptökum þar til afrennslissvæði 4 tengist inn á neðan við Landholtsskóla þar sem lögn verður 800 mm. Í Laugalæk stækkar lögn í 1000 mm (Mynd 4-4/Mynd 4-3). Prófað var að keyra líkanið fyrir mismunandi endurkomutíma og varanda með þessari stærð af lögn og með eftirfarandi undirtilviki:

- **Tilvik 3:** Engar miðlunartjarnir notaðar með regnvatnslögn
- **Tilvik 3a:** Miðlunartjörn við þvottalaugar notuð með regnvatnslögn



Mynd 4-4 Tilvik 3: 800 mm lögn (blá) frá skóla að Kirkjusandi. Miðlunartjörn við þvottalaugar, Tillaga að legu nýrrar stofnblandlagnar er einnig sýnd (bleik). Tengingar afrennslissvæða inn á regnvatnslögn sýndar með punktalínu.


4.3 Ný stofnblandlögn við Laugardalsvöll

Þar sem núverandi stofnblandlögn fer undir Laugardalsvöll og líklegt þykir að farið verði í breytingar á leikvanginum í náginni framtíð var útbúinn forhönnun á nýrri stofnblandlögn samhliða nýrri regnvatnslögn við Laugardalsvöll. Í tillöggunni er útbúinn nýr brunnur S10 milli Grasagarðs og Þvottalaugana í grennd við brunn 3306 þar sem ný stofnblandlögn tengist inn á núverandi stofnblandlögn (sjá teikningu M24.007 og Mynd 4-5). Með þessari staðsetningu tengibrunns við núverandi stofnblandlögn er einnig flatur leggur við þvottalaugar tekinn úr notkun, sjá umfjöllun í kafla 2.1.1.

Frá nýjum tengibrunni við núverandi stofnblandlögn er ný stofnblandlögn sunnan við nýja regnvatnslögn og þar til hægt er að tengjast aftur inn á núverandi stofnblandlögn við sundlaug í brunni 2282, sjá teikningu M24.004. Til að ná að tengjast aftur inn á núverandi stofnblandlögn í brunni 2282 þarf halli nýrrar stofnblandlagar að vera í lágmarki eða 4‰ en síðasta lögn fyrir tengingu þarf að hafa minni halla eða um 2‰. Núverandi stofnblandlögn hefur minni halla en 4‰ á þessum slóðum svo ekki er hægt að tengjast neðar í kerfinu.

Tengingu frá íþróttamiðstöð Ármanns þarf að flytja yfir á nýja stofnblandlögn, teikning M24.006. Regnvatnslögn milli Laugardalsvallar og World Class sem tengist núv. stofnblandlögn yrði tengd inn á nýja regnvatnslögn, teikning M24.004.

Ný stofnblandlögn meðfram nýrri regnvatnslögn sést einnig á Mynd 4-1.



Mynd 4-5 Úrklippa úr teikningu M24.007 til útskýringa á lagnaleiðarvali.



5 Niðurstöður rennislíkans

5.1 Regnvatnslögn

5.1.1 Samanburður tilvika

Þegar tilvikin höfðu verið skilgreind var athugað hvað væri mesta skúr sem lögn gæti tekið við áður en yfirföll yfir í stofnblandlögn virkjast (Tafla 5-1).

Í tilviki 1 með 600 mm lögn frá upptökum að Laugalæk getur regnvatnslögn flutt 80% hlutaskúr og 85% hlutaskúr með notkun miðlunartjarna áður en yfirföll í stofnblandlögn verða virk.

Í tilviki 2 og 2a með 800 mm lögn frá þvottalaugum getur lögn flutt 90% hlutaskúr.

Í tilviki 3 og 3a með 800 mm lögn frá skóla getur lögn flutt 95% hlutaskúr.

Tafla 5-1 Mesta regn sem lögn getur tekið við áður en yfirföll í stofnblandlögn verða virk.


Tilvik	Endurkomutími, 10 mín varandi
Tilvik 1: 600 mm án miðlunar	80% hlutaskúr
Tilvik 1a: 600 mm með miðlun við þvottal.	85% hlutaskúr
Tilvik 1b: 600 mm með miðlun við þvottal. og skóla	85% hlutaskúr
Tilvik 1c: 600 mm með miðlun við þvottal., skóla og sundlaug	85% hlutaskúr
Tilvik 2: 800 mm frá þvottal. án miðlunar	90% hlutaskúr
Tilvik 2a: 800 mm frá þvottal. með miðlun við skóla	90% hlutaskúr
Tilvik 3: 800 mm frá skóla án miðlunar	95% hlutaskúr
Tilvik 3a: 800 mm frá skóla með miðlun við þvottal.	95% hlutaskúr

Þetta þýðir að á ársgrundvelli þá má ætla að 80-95% af heildarmagni afrennslis frá afrennslissvæðum færi beint út í sjó án dælingar sem að undir núverandi kringumstæðum færi í dælingu, hreinsun og frekari dælingu úr hreinsistöð við Klettagarða. Þetta myndi hafa töluverð áhrif á virkni hreinsistöðvarinnar til langtíma sem og kostnaðarsparnað vegna minni dælingar.



5.1.1.1 Hlutfall af rennslistoppi í stofnblandlögn

Til að meta hlutfall rennsli sem fer á yfirfall í stofnblandlögn við rennslistopp af rennslistatburðar var rennsli í stofnblandlögn deilt með heildarennslu (rennsli í stofnblandlögn, regnvatnslögn og til miðlunartjarna) Hlutfall af mesta rennsli í stofnblandlögn fyrir öll tilvikin og mismunandi endurkomutíma frá 80% hlutaskúr að 10-ára hönnunarskúr við 10 mínútna varanda er sýnt á Mynd 5-1.



Mynd 5-1 Hlutfall af rennsli í stofnblandlögn fyrir öll tilvik og mismunandi endurkomutíma og 10 mínútna varanda.


Með því að bæta við miðlunartjörnum við þvottalaugarnar og við skólann fyrir 600 mm lögn (tilvik 1b) má minnka hlutfall í stofnblandlögn úr 47% í 33% við 10 ára endurkomutíma samanborið við engar miðlunartjarnir (tilvik 1). Áhrifa af því að bæta við miðlunargeymslurými við sundlaug (tilvik 1c) fer ekki að gæta fyrir en við 10 ára viðburð, samanborið við tilvik 1b. Þetta skýrist af því að ekkert yfirfall í stofnblandlögn virkjust við þetta miðlunargeymslurými eða fyrir neðan við það í kerfinu fyrir en við þennan endurkomutíma. Frekari umfjöllun um nauðsynlegar staðsetningar yfirfalla er í kafla 5.1.2, sjá einnig umfjöllun um miðlunargeymslurýmið við sundlaugina í kafla 5.1.3.

Í tilvikum 2 og 3 fer lítið sem ekkert í stofnblandlögn fyrir en við stærri regnviðburð en 95% skúr. Við 10 ára endurkomutíma fer 35% af rennsli í stofnblandlögn og er hægt að minnka það niður í 29% í tilviki 3a og 26% í tilviki 2a með notkun miðlunartjarna.



5.1.1.2 Hlutfall af rennslismagni í stofnblandlögn

Einnig var hlutfall magns sem fer á yfirfall í stofnblandlögn metið með því að deila magni sem rann um stofnblandlögn með heildar magni um heildarkerfið (stofnblandlögn og regnvatnslögn). Hlutfall magns í stofnblandlögn fyrir tilvikin og mismunandi endurkomutíma og 10 mínútna varanda er sýnt á Mynd 5-2.




Mynd 5-2 Hlutfall magns í stofnblandlögn fyrir öll tilvik og mismunandi endurkomutíma og 10 mínútna varanda.

Hlutfall magns regns með 10 ára endurkomutíma í stofnblandlögn í tilviki 1 er um 30%. Með notkun miðlunartjarna við þvottalaugar og skóla (tilvik 1b) má minnka hlutfallið í um 16%. Tilvik 1c, að bæta við miðlunartjörn við sundlaugar lítil áhrif af sömu ástæðum og voru skýrðar hér að ofan. Í tilviki 2 fer 14% magns í stofnblandlögn og 11% í tilviki 3.



5.1.1.3 Rennslisminnkun miðað við núverandi álag á dælu- og hreinsistöð

Til að meta hversu mikið væri hægt að minnka rennsli regnvatns til dælu- og hreinsistöðva var núverandi rennsli í stofnblandlögn án notkunar regnvatnslagnar fundið með líkani og borið saman við rennsli í stofnblandlögn (með breytingu við Laugardalsvöll, 1200 mm lögn) með notkun regnvatnslagnar (Mynd 5-3).



Mynd 5-3 Hlutfall rennslis í stofnblandlögn með notkun regnvatnslagnar miðað við núverandi rennsli í stofnblandlögn.

Niðurstöður sýna að í tilviki 1 er 52% rennsli í stofnblandlögn af því rennsli sem hefði verið í stofnblandlögn án regnvatnslagnar við 10 ára endurkomutíma og 10 mínútna varanda. Minnka má rennslið í 25% í tilviki 2a með 800 mm lögn frá þvottalaugum og með miðlun við skóla.

Tilvik 2 og 3 með meiri notkun á 800 mm lögn hefur meiri áhrif á magnminnkun í dælu- og hreinsistöð en að bæta við miðlunartjörnum með 600 mm lögn (Tilvik 1b og 1c).

5.1.1.4 Magnminnkun miðað við núverandi álag á dælu- og hreinsistöð

Magn regnvatns sem fer um stofnblandlögn með notkun regnvatnslagar samanborið við hvaða magn um stofnblandlögn án regnvatnslagnar er það sama og er sýnt á Mynd 5-2. Þ.e. að í tilviki 1 fer um 30% af því magni sem hefði farið í stofnblandlögn í tilviki 1 fyrir 10 ára endurkomutíma og 10 mínútna varanda. Það helgast af því að í útreikningum er uppsafnað afrennsli það sama hvort heldur sem verið er að bera saman við núverandi stofnblandlögn eða stofnblandlögn með regnvatnslögn (þ.e. nefnarinn er alltaf afrennslismagnið frá öllu afrennslissvæðinu).




5.1.2 Yfirföll

Þörf er á yfirföllum í stofnblandlögnum bæði með og án notkunar miðlunartjarna svo að ekki flæði upp úr regnvatnslögnum. Staðsetningar þessara yfirfalla eru mismunandi eftir tilvikum (Tafla 5-2 og Mynd 5-4).

